20. maí 2019

# Hagnaður Festi 52 milljónir króna á 1. ársfjórðungi 2019

## Helstu niðurstöður

- Fjölgun félaga í samstæðu skýrir að mestu hækkanir á tekjum og gjöldum á 1F 2019 í samanburði við 1F 2018 og gerir það samanburð milli tímabila erfiðan
- EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk nam 1.367 m.kr. á 1F 2019 samanborið við 436 m.kr. 1F 2018
- Minni umsvif voru í sölu annarra vara en eldsneytis í samstæðunni en gert hafði verði ráð fyrir á 1F 2019 en þó skar Krónan sig úr þar sem sala var umfram væntingar
- Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 2,4% á milli 1F 2019 og 1F 2018, að mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu
- Eigið fé var 26.021 m.kr. og eiginfjárhlutfall 32,0% í lok 1F 2019

| Milljónir króna | 1F 2019 | 1F 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 4.231 | 1.989 | 2.242 | 112,7% |
| Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur | 372 | 106 | 267 | 252,7% |
| EBITDA | 1.329 | 401 | 929 | 231,9% |
| EBIT | 563 | 153 | 410 | 268,6% |
| EBT | 61 | 89 | -28 | -31,3% |
| Hagnaður tímbilsins | 52 | 76 | -25 | -32,5% |
| **Efnahagsreikningur** | | | | |
| Birgðir | 7.092 | 3.252 | 3.840 | 118,1% |
| Viðskiptakröfur | 3.607 | 3.051 | 556 | 18,2% |
| Vaxtaberandi skuldir | 41.002 | 8.000 | 33.002 | 412,5% |
| Handbært fé | 4.411 | 2.387 | 2.024 | 84,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 36.709 | 5.661 | 31.048 | 548,5% |
| **Sjóðstreymi** | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 690 | -252 | 942 | -373,6% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -233 | -163 | -70 | 42,9% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -345 | 0 | -345 | |
| Handbært fé í lok tímabils | 4.411 | 2.387 | 2.024 | 84,8% |
| **Lykiltölur** | | | | |
| EBITDA/framlegð | 31,4% | 20,1% | 11,3% | 56,0% |
| Eiginfjárhlutfall | 32,0% | 49,0% | -17,0% | -34,7% |
| Laun/framlegð | 54,1% | 55,0% | -0,9% | -1,6% |
| Hagnaður á hlut | 0,16 | 0,31 | -0,15 | -49,5% |
| Arðsemi eigin fjár | 0,8% | 2,2% | -0,01 | -63,6% |
| Fjárfestingar | -454 | -171 | -283 | 166,1% |
| Veltuhraði birgða | 7,61 | 7,49 | 0,12 | 1,7% |

## Rekstur fyrsta ársfjórðungs

| Milljónir króna | 1F 2019 | 1F 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 4.231 | 1.989 | 2.242 | 112,7% |
| Leigutekjur fasteigna og aðrar rekstrartekjur | 372 | 106 | 267 | 252,7% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -2.291 | -1.094 | 1.196 | 109,3% |
| Sölukostnaður | -258 | -211 | 46 | 21,9% |
| Annar rekstrarkostnaður | -725 | -389 | 337 | 86,6% |
| EBITDA | 1.329 | 401 | 929 | 231,9% |

EBITDA á 1F 2019 var 1.329 m.kr. samanborið við 401 m.kr. á 1F 2018 en kostnaður við kaup á Hlekk nam 37 m.kr. á 1F 2019 og 35 m.kr. á 1F 2018. Minni umsvif voru í sölu annarra vara en eldsneytis í samstæðunni en gert hafði verði ráð fyrir á 1F 2019, en þó skar Krónan sig úr þar sem sala var umfram væntingar.

## Tekjur á fyrsta ársfjórðungi

| Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í milljónum króna | 1F 2019 | 1F 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| Selt magn - bensín | 10.104 | 10.967 | -864 | -7,9% |
| Selt magn - gasolía | 20.637 | 20.523 | 114 | 0,6% |
| Selt magn - heild án JET | 42.007 | 43.094 | -1.088 | -2,5% |
| Velta annarra vara | 12.949 | 2.381 | 10.568 | 443,8% |
| Framlegð eldsneytis | 991 | 968 | 23 | 2,4% |
| Framlegð annarra vara | 3.240 | 1.022 | 2.218 | 217,1% |

Selt magn án JET dróst saman um 2,5% á 1F 2019 samanborið við 1F 2018, sem skýrist af minni umsvifum í sjávarútvegi. Selt magn af bensíni og gasolíu minnkaði um 2,4% á milli 1F 2019 og 1F 2018 að mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu. Breytt sölusamsetning í eldsneyti skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis er hærri er á 1F 2019 miðað við 1F2018. Velta annarra vara jókst um 443,8% á 1F 2019 samanborið við 1F 2018 sem skýrist af nýjum félögum í samstæðunni. Minni umsvif voru í sölu annarra vara en eldsneytis í samstæðunni en gert hafði verði ráð fyrir á 1F 2019, en þó skar Krónan sig úr þar sem sala var umfram væntingar.

## Rekstrarkostnaður á fyrsta ársfjórðungi

| Milljónir króna | 1F 2019 | 1F 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| Launa- og starfsmannakostnaður | -2.291 | -1.094 | 1.196 | 109,3% |
| Sölukostnaður | -258 | -211 | 46 | 21,9% |
| Annar rekstrarkostnaður | -725 | -389 | 337 | 86,6% |

Fjölgun félaga í samstæðu skýrir að mestu kostnaðarhækkanir á 1F 2019 miðað við 1F 2018. Kostnaður við kaup á Hlekk nam 37 m.kr. á 1F 2019 samanborið við 35 m.kr. á 1F 2018.

## Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur lækka á 1F 2019 vegna lægri stöðu handbærs fjár. Fjármagnsgjöld hækka á 1F 2019 miðað við 1F 2018 vegna hærri stöðu lána og upptöku IFRS 16 en vaxtagjöld hækka um 50 m.kr. vegna upptöku staðalsins.

| Milljónir króna | 1F 2019 | 1F 2018 | Breyting | % Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 19 | 23 | -4 | -17,2% |
| Fjármagnsgjöld | -618 | -103 | 515 | 501,3% |
| Gengismunur | 36 | -14 | 50 | -364,7% |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 60 | 30 | 31 | 103,9% |
| Samtals | -502 | -64 | -438 | 684,9% |

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

| Milljónir króna | 1F 2019 | 1F 2018 | Breyting | % Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptavild | 14.070 | 0 | 14.070 | |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.519 | 206 | 4.313 | 2097,2% |
| Rekstrarfjármunir | 31.911 | 16.870 | 15.041 | 89,2% |
| Fjárfestingarfasteignir | 8.725 | 0 | 8.725 | |
| Birgðir | 7.092 | 3.252 | 3.840 | 118,1% |
| Viðskiptakröfur | 3.607 | 3.051 | 556 | 18,2% |
| Handbært fé | 4.411 | 2.387 | 2.024 | 84,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 36.709 | 5.661 | 31.048 | 548,5% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda | 32.890 | 5.661 | 27.229 | 481,0% |
| Eiginfjárhlutfall | 32,0% | 49,0% | -17,0% | -34,7% |
| Veltuhraði birgða | 7,61 | 7,49 | 0,12 | 1,7% |

Eignir og skuldir hækka vegna nýrra félaga í samstæðu. Eiginfjárhlutfall er 32,0% og eru nettó vaxtaberandi skuldir 36.709 m.kr. en þar af eru leiguskuldir 3.819 m.kr. Á 1F 2019 var rekstur Dælunnar seldur í samræmi við sátt við samkeppniseftirlitið en salan hafði óveruleg áhrif. Í byrjun apríl voru seldar fasteignir fyrir um 2.500 m.kr. og verður hluti af söluandvirðinu notaður til að greiða upp vaxtaberandi skuldir, en í lok apríl lauk félagið endurfjármögnun samstæðunnar.

### Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2019

- Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum í verslun við ferðamenn og á árinu 2018
- Aukin óvissa er með fjölda ferðamanna til landsins á árinu 2019
- Órói á olíumörkuðum og gengi ISK getur valdið sveiflum á framlegð og fjárbindingu

EBITDA spá Festi fyrir árið 2019 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 7.400 – 7.700 m.kr. að undanskildum kostnaði við kaup á Festi hf. en kostnaðurinn er að mestu kominn fram.

### Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok mars 2019 nam 37,1 milljörðum króna
- Aðalfundur var haldinn þann 21. mars síðastliðinn þar sem stjórn var sjálfkjörin.

**Kynningarfundur þriðjudaginn 21. maí 2019**

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn þriðjudaginn 21. maí 2019 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: http://festi.is/fjarfestar/fjarhagsupplysingar/ og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

**Fjárhagsdagatal**

- Uppgjör 2F 2019: 28. ágúst 2019
- Uppgjör 3F 2019: 6. nóvember 2019
- Ársuppgjör 2019: 27. febrúar 2020
- Aðalfundur 2020: 19. mars 2020

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@festi.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@festi.is).